

Jafnframt er úr gildi numin samþykkt um stjórn bæjarmála í Siglufjarðar-  
kaupstað frá 13. marz 1952.

*Félagsmálaráðuneytið, 6. júní 1963.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

18. júní.

Nr. 94.

## REGLUGERÐ

um hina almennu deild bátaflotans við Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til þeirra skipa bátaflotans, sem veiðar stunda með línu, handfæri, netjum, botnvörpu eða dragnót. Reglugerð þessi nær ekki til síldveiða.

2. gr.

Veiðiskipum skal skipt í flokka sem hér segir:

- I. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með línu og salta aflann um borð.
- II. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með netjum og salta aflann um borð.
- III. flokkur: Skip, sem stunda veiðar með línu og netjum og salta aflann um borð.
- IV. flokkur: Skip, sem veiðar stunda með línu og leggja aflann á land nýjan eða ísaðan.
  - a) Skip yfir 100 rúml.
  - b) — 50—100 —
  - c) — 25— 50 —
  - d) — 12— 25 —
  - e) — undir 12 rúml., þiljuð.
- V. flokkur: Skip, sem veiðar stunda með netjum og leggja aflann á land nýjan eða ísaðan.
  - a) Skip yfir 100 rúml.
  - b) — 50—100 —
  - c) — 25— 50 —
  - d) — 12— 25 —
  - e) — undir 12 rúml., þiljuð.
- VI. flokkur: Skip, sem veiðar stunda með línu og netjum og leggja aflann á land nýjan eða ísaðan.
  - a) Skip yfir 100 rúml.
  - b) — 50—100 —
  - c) — 25— 50 —
  - d) — 12— 25 —
  - e) — undir 12 rúml., þiljuð.

VII. flokkur: Opnir vélbátar, sem veiðar stunda með línu, netjum eða handfærum.

VIII. flokkur: Skip, sem veiðar stunda með handfærum.

- a) Skip yfir 25 rúml.
- b) — 12— 25 —
- c) — undir 12 rúml., þiljuð.

IX. flokkur: Skip, sem veiðar stunda með dragnót.

- a) Skip yfir 25 rúml.
- b) — 12— 25 —

X. flokkur: Skip, sem veiðar stunda með botnvörpu.

- a) Skip 200—300 rúml.
- b) — 100—200 —
- c) — 50—100 —

Við skiptingu veiðiskipa í stærðarflokka skal farið hverju sinni eftir skipaskrá Sjómannaalmanaksins.

### 3. gr.

Veiðisvæði og bótatímabil skulu vera sem hér segir:

- a) Sjóðsstjórnin ákveður hverju sinni veiðisvæði og bótatímabil fyrir skip í I.—III. fl.
- b) Fyrir skip í IV. fl. a. og b., VI. fl. a. og b.
  - 1. svæði: Vestmannaeyjar
    - 1. janúar—15. maí
    - 1. september—20. desember.
  - 2. svæði: Stokkseyri og Eyrarbakki
    - 1. janúar—15. maí.
  - 3. svæði: Þorlákshöfn
    - 1. janúar—15. maí.
  - 4. svæði: Grindavík
    - 1. janúar—15. maí
    - 1. september—20. desember.
  - 5. svæði: Hafnir og Sandgerði
    - 1. janúar—15. maí
    - 1. september—20. desember.
  - 6. svæði: Keflavík, Njarðvíkur og Vogar
    - 1. janúar—15. maí
    - 1. september—20. desember.
  - 7. svæði: Hafnarfjörður
    - 1. janúar—15. maí
    - 1. september—20. desember.
  - 8. svæði: Reykjavík
    - 1. janúar—15. maí
    - 1. september—20. desember.
  - 9. svæði: Akranes
    - 1. janúar—15. maí
    - 1. september—20. desember.
  - 10. svæði: Rif og Ólafsvík
    - 1. janúar—15. maí
    - 1. september—20. desember.
  - 11. svæði: Grundarfjörður
    - 1. janúar—15. maí
    - 1. september—20. desember.

12. svæði: Stykkishólmur  
1. janúar—15. maí  
1. september—20. desember.
13. svæði: Flatey  
1. janúar—15. maí  
1. september—20. desember.
14. svæði: Patreksfjörður og Tálknafjörður  
1. janúar—15. maí  
1. október—20. desember.
15. svæði: Arnarfjörður  
1. janúar—15. maí  
1. október—20. desember.
16. svæði: Dýrafjörður  
1. janúar—15. maí  
1. október—20. desember.
17. svæði: Öundurafjörður  
1. janúar—15. maí  
1. október—20. desember.
18. svæði: Súgandafjörður  
1. janúar—15. maí  
1. október—20. desember.
19. svæði: Bolungavík  
1. janúar—15. maí  
1. október—20. desember.
20. svæði: Hnífsdalur, Ísafjarðarkaupstaður og Álftafjörður  
1. janúar—15. maí  
1. október—20. desember.
21. svæði: Steingrímsfjörður  
1. janúar—10. júní  
1. september—20. desember.
22. svæði: Höfðakaupstaður  
1. janúar—31. maí  
1. september—20. desember.
23. svæði: Skagafjörður  
1. janúar—31. maí  
1. september—20. desember.
24. svæði: Siglufjörður  
1. janúar—20. júní  
1. október—20. desember.
25. svæði: Ólafsfjörður  
1. janúar—31. maí  
1. september—20. desember.
26. svæði: Dalvík, Hrisey, Árskógsströnd og Grenivík  
1. janúar—31. maí  
1. september—20. desember.
27. svæði: Akureyri  
1. janúar—31. maí  
1. september—20. desember.
28. svæði: Flatey og Húsavík  
1. janúar—31. maí  
1. september—20. desember.

29. svæði: Raufarhöfn og Þórshöfn  
1. janúar—31. maí  
1. september—20. desember.
30. svæði: Vopnafjörður  
1. janúar—15. maí  
1. september—20. desember.
31. svæði: Seyðisfjörður  
1. janúar—15. maí  
1. september—20. desember.
32. svæði: Neskaupstaður  
1. janúar—15. maí  
1. september—20. desember.
33. svæði: Eskifjörður og Reyðarfjörður  
1. janúar—15. maí  
1. september—20. desember.
34. svæði: Fáskrúðsfjörður  
1. janúar—15. maí  
1. september—20. desember.
35. svæði: Stöðvarfjörður og Breiðdalsvík  
1. janúar—15. maí  
1. september—20. desember.
36. svæði: Djúpivogur  
1. janúar—15. maí  
1. september—20. desember.
37. svæði: Hornafjörður  
1. janúar—15. maí  
1. september—20. desember.
- c) Fyrir skip í IV. fl. c., d., e. og VI. fl. c., d., e.
1. svæði: Vestmannaeyjar  
1. janúar—15. maí  
1. september—20. desember.
2. svæði: Stokkseyri og Eyrarbakki  
1. janúar—15. maí  
1. september—20. desember.
3. svæði: Þorlákshöfn  
1. janúar—15. maí  
1. september—20. desember.
4. svæði: Grindavík  
1. janúar—15. maí  
1. september—20. desember.
5. svæði: Hafnir og Sandgerði  
1. janúar—15. maí  
1. september—20. desember.
6. svæði: Keflavík, Njarðvíkur og Vogar  
1. janúar—15. maí  
1. september—20. desember.
7. svæði: Hafnarfjörður  
1. janúar—15. maí  
1. september—20. desember.
8. svæði: Reykjavík  
1. janúar—15. maí  
1. september—20. desember.

9. svæði: Akranes  
1. janúar—15. maí  
1. september—20. desember.
10. svæði: Hellissandur, Rif og Ólafsvík  
1. janúar—15. maí  
1. september—20. desember.
11. svæði: Grundarfjörður  
1. janúar—15. maí  
1. september—20. desember.
12. svæði: Stykkishólmur  
1. janúar—15. maí  
1. september—20. desember.
13. svæði: Flatey  
1. janúar—15. maí  
1. september—20. desember.
14. svæði: Patreksfjörður og Tálknafjörður  
1. janúar—15. maí  
1. september—20. desember.
15. svæði: Arnarfjörður  
1. janúar—15. maí  
1. september—20. desember.
16. svæði: Dýrafjörður  
1. janúar—15. maí  
1. september—20. desember.
17. svæði: Önundarfjörður  
1. janúar—15. maí  
1. september—20. desember.
18. svæði: Súgandafjörður  
1. janúar—15. maí  
1. september—20. desember.
19. svæði: Bolungavík  
1. janúar—15. maí  
1. september—20. desember.
20. svæði: Hnifsdalur, Ísafjarðarkaupstaður og Álftafjörður  
1. janúar—15. maí  
1. september—20. desember.
21. svæði: Steingrímsfjörður  
1. janúar—10. júní  
1. september—20. desember.
22. svæði: Höfðakaupstaður  
1. janúar—31. maí  
1. september—20. desember.
23. svæði: Skagafjörður  
1. janúar—31. maí  
1. september—20. desember.
24. svæði: Siglufjörður  
1. janúar—20. júní  
1. október—20. desember.
25. svæði: Ólafsfjörður  
15. janúar—15. júní  
1. september—20. desember.

26. svæði: Dalvík, Hrisey, Árskógsströnd og Grenivík  
15. janúar—15. júní  
16. júní—20. desember.
27. svæði: Akureyri  
15. janúar—15. júní  
16. júní—20. desember.
28. svæði: Flatey og Húsavík  
15. janúar—15. maí  
16. júní—20. desember.
29. svæði: Raufarhöfn og Þórshöfn  
15. janúar—15. júní  
16. júní—20. desember.
30. svæði: Vopnafjörður  
1. júní—30. nóvember
31. svæði: Seyðisfjörður  
1. maí—31. október.
32. svæði: Neskaupstaður  
1. janúar—31. maí  
1. júní—20. nóvember.
33. svæði: Eskifjörður og Reyðarfjörður  
1. janúar—31. maí  
1. júní—20. nóvember.
34. svæði: Fáskrúðsfjörður  
1. janúar—31. maí  
1. júní—20. nóvember.
35. svæði: Stöðvarfjörður og Breiðdalsvík  
1. janúar—31. maí  
1. júní—20. nóvember.
36. svæði: Djúpipvogur  
1. janúar—31. maí  
1. júní—20. nóvember.
37. svæði: Hornafjörður  
1. janúar—31. maí  
1. júní—20. nóvember.

d) Fyrir öll skip í V. fl.

1. svæði: Vestmannaeyjar  
1. marz—11. maí.
2. svæði: Stokkseyri og Eyrarbakki  
1. marz—11. maí.
3. svæði: Þorlákshöfn  
1. marz—11. maí
4. svæði: Grindavík  
1. marz—11. maí.
5. svæði: Hafnir og Sandgerði  
15. febrúar—11. maí.
6. svæði: Keflavík, Njarðvíkur og Vogar  
15. febrúar—11. maí.
7. svæði: Hafnarfjörður  
15. febrúar—11. maí.
8. svæði: Reykjavík  
15. febrúar—11. maí.

9. svæði: Akranes  
15. febrúar—11. maí.
10. svæði: Rif og Ólafsvík  
15. febrúar—11. maí.
11. svæði: Grundarfjörður  
15. febrúar—11. maí.
12. svæði: Stykkishólmur  
15. febrúar—11. maí.
13. svæði: Patreksfjörður og Tálknafjörður  
15. febrúar—11. maí.
14. svæði: Arnarfjörður  
15. febrúar—11. maí.
15. svæði: Dýrafjörður  
15. febrúar—11. maí.
16. svæði: Önundarfjörður  
15. febrúar—11. maí.
17. svæði: Súgandafjörður  
15. febrúar—11. maí.
18. svæði: Bolungavík  
15. febrúar—11. maí.
19. svæði: Hnífsdalur, Ísafjarðarkaupstaður og Álftafjörður  
15. febrúar—11. maí.
20. svæði: Steingrímsfjörður  
15. febrúar—11. maí.
21. svæði: Hornafjörður  
15. febrúar—11. maí.

## e) Fyrir skip í VII. fl.

1. svæði: Vestmannaeyjar  
15. maí—15. september.
2. svæði: Grindavík  
1. maí—30. september
3. svæði: Hafnir, Sandgerði og Garður  
1. maí—30. september.
4. svæði: Keflavík, Njarðvíkur og Vogar  
15. marz—15. maí  
1. september—20. desember.
5. svæði: Hafnarfjörður  
15. maí—30. september.
6. svæði: Reykjavík  
15. maí—30. september.
7. svæði: Akranes  
15. maí—15. ágúst.
8. svæði: Rif—Ólafsvík  
1. maí—30. júní  
1. september—15. desember.
9. svæði: Stykkishólmur  
1. maí—30. júní  
1. september—15. desember.
10. svæði: Arnarfjörður  
1. maí—31. júlí.  
1. september—30. nóvember.

11. svæði: Súgandafjörður  
1. maí—31. október.
  12. svæði: Bolungavík  
1. maí—31. ágúst.
  13. svæði: Ísafjarðarkaupstaður  
1. maí—15. október.
  14. svæði: Álftafjörður  
15. maí—30. september.
  15. svæði: Steingrímsfjörður  
1. febrúar—31. maí  
1. júní—30. nóvember.
  16. svæði: Höfðakaupstaður  
15. maí—30. nóvember.
  17. svæði: Sauðárkrókur  
1. apríl—31. október.
  18. svæði: Hofsós  
1. apríl—31. október.
  19. svæði: Siglufjörður  
1. apríl—31. október.
  20. svæði: Ólafsfjörður  
1. apríl—31. október.
  21. svæði: Dalvík, Hrísey, Árskógsströnd og Grenivík, Hjalteyri og Akureyri  
1. apríl—31. október.
  22. svæði: Húsavík  
1. apríl—15. nóvember
  23. svæði: Raufarhöfn  
15. maí—15. október.
  24. svæði: Þórshöfn  
15. maí—15. október.
  25. svæði: Bakkafjörður  
15. maí—30. september.
  26. svæði: Vopnafjörður  
1. júní—15. október.
  27. svæði: Borgarfjörður  
15. maí—20. september
  28. svæði: Seyðisfjörður  
1. júní—15. október
  29. svæði: Mjóifjörður og Neskaupstaður  
1. maí—15. okt.
  30. svæði: Eskifjörður og Reyðarfjörður  
15. apríl—30. september
  31. svæði: Vattarnes:  
1. maí—30. september.
  32. svæði: Fáskrúðsfjörður  
1. maí—15. nóvember.
  33. svæði: Stöðvarfjörður  
1. maí—31. október.
  34. svæði: Djúpivogur  
1. apríl—31. október.
- f) Fyrir skip í VIII. fl.
1. svæði: Langanes—Ingólfshöfði  
1. marz—20. júní.

2. svæði: Dyrhólaey—Reykjanes  
1. marz—31. maí.
3. svæði: Reykjanes—Látrabjarg  
1. marz—31. maí.
4. svæði: Dyrhólaey—Látrabjarg  
1. júní—30. september.
5. svæði: Látrabjarg—Horn  
1. júní—30. sept.
6. svæði: Horn—Langanes  
1. júní—30. sept.

## g) Fyrir skip í IX. fl.

1. svæði: Bjarnarey—Hornafjörður  
15. júní—31. október.
2. svæði: Dyrhólaey—Reykjanes  
15. júní—31. október.
3. svæði: Reykjanes—Látrabjarg  
15. júní—31. október.
4. svæði: Látrabjarg—Horn  
15. júní—31. október.

## h) Fyrir skip í X. fl.

1. svæði: Vestmannaeyjar—Snæfellsnes  
1. febr.—15. júní  
16. júní—30. nóvember.
2. svæði: Snæfellsnes—Horn  
1. febr.—15. júní  
16. júní—30. nóvember.
3. svæði: Horn—Langanes  
15. janúar—15. júní  
16. júní—20. desember.
4. svæði: Langanes—Hornafjörður  
1. febr.—15. júní  
16. júní—30. nóvember.

- i) Séu bátar gerðir út til fiskveiða frá einhverjum þeirra staða, sem ekki eru nefndir í þessari grein reglugerðarinnar, skal sjóðstjórnin ákveða hverju sinni til hvaða veiðisvæðis þeir bátar skulu teljast.

## 4. gr.

Berist sjóðstjórninni umsókn um bætur úr sjóðnum, skal hún þegar rannsaka aflabrogð á viðkomandi veiðisvæði. Leiði sú rannsókn í ljós, að um aflabrest hafi verið að ræða, skal ráðherra samkv. tillögum sjóðstjórnarinnar og eftir að leitað hefur verið samþykkis Landssambands ísl. útgerðarmanna, Alþýðusambands Íslands, Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, Sjómannasambands Íslands, og Fiskifélags Íslands, ákveða meðalveiðimagn fyrir svæðið og skal það lagt til grundvallar bóta-útreikningum.

Meðalveiðimagn þetta gildir þó aðeins við útreikninga bóta úr sjóðnum fyrir þau skip, sem eigi hafa skemmri úthaldstíma en ákveðinn er í reglugerðinni fyrir viðkomandi svæði, en lækkar hlutfallslega, ef úthaldstíminn er styttri.

Ef umsagnir ofangreindra aðila berast eigi innan hálf mánaðar frá því að hennar hefur verið leitað, skal heimilt að líta svo á, að tillögurnar séu samþykktar.

5. gr.

Útgerðarmanni er skylt að senda sjóðstjórninni, eða trúnaðarmanni hennar í hlutaðeigandi verstöð, skýrslu um útgerð og aflabrögð veiðiskips síns á bótatímabili-  
inu í því formi, er stjórnin ákveður, og eigi síðar en einum mánuði eftir að veiði-  
tímabili lýkur. Jafnframt er stjórninni heimilt að krefjast annarra gagna um út-  
gerð skips, sem hún telur nauðsynleg.

Vanræksla á skýrslugerð varðar missi bótaréttar.

6. gr.

Það telst almennur aflabrestur, ef meðalafli skipa í einhverjum flokki er minni  
en 75% af hinu ákveðna meðalveiðimagni, sbr. 4. gr.

7. gr.

Nú hefur almennur aflabrestur orðið á einhverju veiðisvæði, svo að til sjóðs-  
ins kasta kemur um bætur. Skal þá hvert skip, sem aflar 45% eða minna af meðal-  
veiðimagni skips þess flokks á viðkomandi veiðisvæði, fá bætt 40% af því, sem  
vantar á veiðimagn, og síðan, með vaxandi afla, lækkandi hundraðshluta bóta  
samkvæmt eftirfarandi reglu:

Skip, sem aflar	45% af meðalafla, fær	40% bætur af því, sem á	meðaltal.
—	46%	—	39%
—	47%	—	38%
—	48%	—	37%
—	49%	—	36%
—	50%	—	35%
—	51%	—	34%
—	52%	—	33%
—	53%	—	32%
—	54%	—	31%
—	55%	—	30%
—	56%	—	29%
—	57%	—	28%
—	58%	—	27%
—	59%	—	26%
—	60%	—	25%
—	61%	—	24%
—	62%	—	23%
—	63%	—	22%
—	64%	—	21%
—	65%	—	20%
—	66%	—	19%
—	67%	—	18%
—	68%	—	17%
—	69%	—	16%
—	70%	—	15%
—	71%	—	14%
—	72%	—	13%
—	73%	—	12%
—	74%	—	11%
—	75%	—	10%
—	76%	—	9%
—	77%	—	8%

Skip, sem aflar	78% af meðalaflla, fær	40% bætur af því, sem á vantar meðaltal.
— — —	79% — —	— 6% — — — — — —
— — —	80% — —	— 5% — — — — — —
— — —	81% — —	— 4% — — — — — —
— — —	82% — —	— 3% — — — — — —
— — —	83% — —	— 2% — — — — — —
— — —	84% — —	— 1% — — — — — —
— — —	85% — —	— 0% — — — — — —

Hrökkvi fé sjóðsins ekki til úthlutunar samkvæmt ofanskráðu, skal úthlutun lækkuð hlutfallslega. Óheimilt er að greiða bætur til veiða, sem stundaðar eru í tilraunaskyni.

## 8. gr.

Rétt til bóta hafa eingöngu þeir, sem stunda fiskveiðar sem aðalatvinnu.

## 9. gr.

Ef skip veiða minna en 33% af meðalveiðimagni viðkomandi flokks, skal sjóðstjórnin rannsaka sérstaklega, hvernig á slíku aflaleysi stendur. Ef þá kemur í ljós, að vítaverð vanræksla eða óstjórn á útgerðinni á verulegan þátt í aflaleysinu, er sjóðstjórninni heimilt að draga úr þeim bótum, sem viðkomandi skipum bæri samkvæmt hinni almennu reglu 10. gr., eða fella bæturnar alveg niður, ef um mikil víti er að ræða. Skip, sem stundað hafa veiðar  $\frac{1}{3}$  bótatímabilsins eða skemur, koma ekki til greina við bótaútreikning.

## 10. gr.

Nú fær útgerðarmaður fé úr sjóðnum, og getur stjórn hans þá krafizt þeirrar tryggingar af útgerðarmanninum, sem henni þykir þörf, fyrir því, að fénu verði varið til greiðslu á eftirtöldum gjaldaliðum í þeirri röð, sem hér er talið: Kaup og fæði skipverja, váttryggingargjöld og önnur hliðstæð gjöld, eftir því sem greiðslur hrökkva til hverju sinni.

## 11. gr.

Þeir, sem fá bætur samkvæmt lögum um aflatryggingasjóð eru skyldir að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té reikninga um rekstur skipa þeirra, sem bætur eru miðaðar við, í því formi, sem reikningaskrifstofan ákveður.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 15. gr. laga nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 18. júní 1963.*

**Emil Jónsson.**

*Jón Sigurðsson.*